



Nefndasvið Alþingis
Heilbrigðis- og trygginganefnd
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Dagsetning - Date
18. febrúar 1997

Tilvísun - Ref.
97020041


Alþingi
Erindi nr. p 121 / 1932
komudagur 19 / 12 1997

Með bréfi, dags. 6. febrúar sl., óskaði heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis umsagnar tölvunefndar um frumvarp til sóttvarnarlaga, 191. mál, heildarlög. Tölvunefnd ræddi umrætt frumvarp á fundi sínum þann 17. þ.m. og ákvað að benda á eftirfarandi:

1. Í 3. gr. frumvarpsins er ákvæði um "skráningarskylda" og "tilkynningarskylda" smitsjúkdóma. Ákvæðið er afar óljóst þar sem þessi hugtök eru þar ekki skilgreind. Því leggur tölvunefnd til að við 2. gr. bætist ný málsgrein (2. mgr.) þar sem þessi hugtök verði skilgreind og fram komi að með "skráningarskyldu" sé átt við skyldu til að senda sóttvarnarlækni *ópersónugreindar* upplýsingar en með "tilkynningarskyldu" sé átt við skyldu til að senda honum *persónugreindar* upplýsingar um sjúkdómstilvik.
2. Í 3. gr. er gerður munur á skráningarskyldum og tilkynningarskyldum sjúkdómum: Fram kemur að ráðherra skuli ákveða með reglugerð hvaða sjúkdómar séu skráningarskyldir en ekki er mælt fyrir um að hann skuli ákveða með reglugerð hvaða sjúkdómar séu tilkynningarskyldir. Tölvunefnd leggur til að þessu verði breytt og tvímæli af tekin um að ráðherra skuli ákveða hvort tveggja með reglugerð. Þá leggur tölvunefnd til að bætt verði inn ákvæði er geri ráðherra skylt að senda tölvunefnd drög að slíkum reglugerðum til umsagnar.

F. h. tölvunefndar


Þorgeir Örlygsson,
formaður


Sigrún Jóhannesdóttir,
framkv. stj.